



## FJÁRMÁLAEFTIRLITIÐ

THE FINANCIAL SUPERVISORY AUTHORITY, ICELAND

Reykjavík, 8. febrúar 2018

### **Niðurstaða athugunar á fjárfestingum fyrir hönd viðskiptavina eignastýringar Kviku banka hf. og Virðingar hf.**

Fjármálaeftirlitið hóf athugun þann 14. júlí 2017 á fjárfestingum Kviku banka hf. og Virðingar hf. fyrir hönd viðskiptavina í eignastýringu. Markmið athugunarinnar var að kanna hvort fjárfestingar væru í samræmi við skilgreinda fjárfestingarstefnu eignastýringarsamninga. Jafnframt var það markmið athugunarinnar að kanna hvernig lagt er mat á fjárfestingarkosti sem ekki eru skráðir á skipulegan verðbréfamarkað og þá hvernig samanburði við aðra fjárfestingarkosti er háttað.

Fjármálaeftirlitið athugaði úrtak aðila sem voru með eignastýringarsamninga við Kviku banka hf. og Virðingu hf. á þeim tíma er athugunin fór fram. Í tilvikum Kviku banka hf. var úrtakið 19 einstaklingar og einn lögaðili og í tilvikum Virðingu hf. var úrtakið 20 einstaklingar.

Vegna sameiningar Kviku banka hf. og Virðingar hf. í nóvember 2017 var ákveðið að sameina niðurstöðu athugunarinnar. Niðurstaða athugunarinnar lá fyrir í janúar 2018 og er byggð á gögnum og upplýsingum miðað við stöðuna eins og hún var á þeim tíma sem athugunin hófst.

Athugunin leiddi í ljós að staða eignasafna þeirra sem voru í úrtakinu var, á þeim tíma er athugunin fór fram, í öllum tilvikum innan skilgreindrar fjárfestingarstefnu í eignastýringarsamningum.

Varðandi mat og samanburð á fjárfestingarkostum gerði Fjármálaeftirlitið athugasemdir við að ákvarðanir um fjárfestingar fyrir hönd viðskiptavina í eignastýringu voru ekki skjalfestar, sbr. 4. gr. reglugerðar nr. 995/2007 um fjárfestavernd og viðskipahætti fjármálafyrirtækja. Mikilvægt er að fjárfestingarákvarðanir séu skjalfestar og gera verður auknar kröfur til þess þegar mögulegir hagsmunaárekstrar geta skapast.

Fjármálaeftirlitið gerði kröfu um að Kvika banki hf. gerði viðeigandi úrbætur vegna athugasemdanna.